

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja FES Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	2.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ísfélag Vestmannaeyja FES	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Strandvegi 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Björgvin Björgvinsson	Staðsetning	436690,981 326978,971

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu en eitt eldra frávik er enn opið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. í Vestmannaeyjum (FES), Páll Scheving og Björgvin Björgvinsson voru fulltrúar rekstraraðila en Freyr Ævarsson og Gottskálf Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja FES, er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun þann 27.8.2014, en gerðar voru breytingar á nokkrum ákvæðum starfsleyfisins í mars 2020. Helstu breytingarnar eru að starfsleyfið var uppfært m.t.t. reglugerðar nr. 884/2017 um kröfur til olíu- og lýsismannvirkja og eins var gerð breyting á aðferð til útreikninga á ryki í útblæstri og krafna til skila á umhverfisupplýsingum. Starfsleyfið gildir til 27.8.2030.

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Eitt eldra frávik er enn opið og varðar það of mikla fitu í frárennsli. Í bréfi dags. 16.6.2021 óskaði Umhverfisstofnun eftir „tímasettri áætlun um úrbætur vegna losunar á fitu og COD í frárennsli svo losunarmörk séu haldin.“ Farið var fram á að áætlunin bærist stofnuninni eigi síðar en 7.7.2021. Engin áætlun hefur enn borist og fer Umhverfisstofnun því fram á að tímasett áætlun um úrbætur berist stofnuninni eigi síðar en 16.8.2022.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta.

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

4. Önnur mál

Öllum gögnum sem rekstraraðila ber að skila skv. starfsleyfi, var skilað á réttum tíma. Allar mælingar sem bárust, voru innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi.

5. Skoðunarferð

Farin var skoðunarferð um húsnæði og lóð Ísfélags Vestmannaeyja hf. (FES). Ekkert athugavert sást í skoðunarferðinni.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.07.2022

Freyr Ævarsson